

## AUGLÝSING

### um breytingu á samningum um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs.

Hinn 11. júlí 1977 var undirrituð af hálfu vörsluríkis Samningsins um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs frá 24. janúar 1959 (sjá Samningar Íslands við erlend ríki I, nr. 116) bókun um viðbætur við 7. gr., 1. lið, samningsins, sem aðildarríki skv. heimild í 2. lið 7. greinar samþykktu á fundi í London dagana 6.—11. maí 1970.

Í tilkynningu sendiráðs Íslands í London dags. 28. janúar 1974 til ritara Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) var af Íslands hálfu gerður fyrirvari þess efnis að ráðstafanir á grundvelli 2. liðar 7. greinar taki ekki til fiskveiðilögsögu Íslands.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utarríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. ágúst 1977.*

Einar Ágústsson.

*Henrik Sv. Björnsson.*

#### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR UM FISKVEIÐAR Á NORÐAUSTURHLUTA ATLANTSHAFS

London, 24. janúar 1959.

#### Bókun um breytingu á 1. lið 7. gr.

Þar sem 2. liður 7. gr. samnings um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs sem undirritaður var í London hinn 24. janúar 1959 kveður svo á:

„Til viðbótar ráðstöfunum þeim, er greinir í 1. lið greinar þessarar, má gera ráðstafanir til þess að ákvarða heildarveiði eða heildarsókn á tilteknu tímabili, svo og allar aðrar ráðstafanir til þess að varðveita fiskstofna á samningssvæðinu. Tillögur, er að slíku lúta, skulu hljóta að minnsta kosti tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fastafulltrúa, er viðstaddir eru og atkvæði greiða, og síðan samþykki allra samningsríkja í samræmi við stjórnarskrárákvæði þeirra.“

og þar sem sendinefndirnar sem viðstaddir voru og atkvæði greiddu á áttunda fundi fastanefndar fiskveiða á

#### NORTH-EAST ATLANTIC FISHERIES CONVENTION

London, 24 January 1959.

#### Procès-verbal concerning Modifications to Article 7(1)

Whereas paragraph (2) of Article 7 of the North-East Atlantic Fisheries Convention, signed at London on 24 January 1959, provides that:

“Measures for regulating the amount of total catch, or the amount of fishing effort in any period, or any other kinds of measures for the purpose of the conservation of the fish stocks in the Convention area, may be added to the measures listed in paragraph (1) of this Article on a proposal adopted by not less than a two-thirds majority of the Delegations present and voting and subsequently accepted by all Contracting States in accordance with their respective constitutional procedures.”

And whereas at the Eighth Meeting of the North-East Atlantic Fisheries Commission, held at London from 6 to 11

Norðaustur-Atlantshafi, sem haldinn var í London dagana 6. til 11. maí 1970, samþykktu samhljóða eftirfarandi tillögu:

(enskur texti)

„Í samræmi við 2. lið 7. gr. samningsins leggur fastanefndin hér með til að eftirfarandi viðbótarákvæðum verði bætt við ráðstafanir sem taldar eru upp í 1. lið 7. gr.:

- g. ráðstafanir til ákvörðunar á heildarveiði og úthlutun hennar til samningsríkjanna á tilteknu tímabili; og
- h. ráðstafanir til ákvörðunar á heildar-sókn og úthlutun hennar til samningsríkjanna á tilteknu tímabili.“

Þá staðfesti ég, Roscoe George Smedley, forstöðumaður ríkisfangs- og samningadeildar utanríkis- og samveldismálaráðuneytisins, hér með að þar sem öll samningsríkin höfðu fallist á tillögu fastanefndarinnar öðlaðist téð breyting gildi hinn 4. júní 1974.

Þessu til staðfestu hef ég í dag, hinn 11. júlí 1977, undirritað bókun þessa í utanríkis- og samveldismálaráðuneytinu, London.

R. G. Smedley  
(undirskr.)

May 1970, the Delegations present and voting unanimously adopted the following proposal:

[English text]

“In accordance with Article 7(2) of the Convention the Commission hereby proposes that the following additions be made to the list of measures in Article 7(1):

- (g) any measures for the regulation of the amount of total catch and its allocation to Contracting States in any period; and
- (h) any measures for the regulation of the amount of fishing effort and its allocation to Contracting States in any period.”

Now therefore I, Roscoe George Smedley, Head of Nationality and Treaty Department, Foreign and Commonwealth Office, hereby certify that all Contracting States having accepted the proposal of the Commission, the said modifications took effect on 4 June 1974.

In witness whereof I have signed this Procès-verbal at the Foreign and Commonwealth Office, London, this 11th day of July, 1977.

R. G. Smedley  
(sign.)

## AUGLÝSING

### um samkomulag milli ríkisstjórna Norðurlanda og ríkisstjórnar Kenyu um aðstoð á sviði samvinnumála.

Hinn 15. júlí 1977 var gert í Nairobi samkomulag milli ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og ríkisstjórnar Kenyu um aðstoð við Kenyu á sviði samvinnumála.

Gildistaka samkomulagsins miðast við 1. júlí 1977, sbr. nánar V. grein.

Samkomulagið ásamt viðauka er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. ágúst 1977.*

Einar Ágústsson.

*Henrik Sv. Björnsson.*